

Fundur Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar 13 janúar 2009
Fundartími 20:30 til 22:15 í Brekkuskóla.

Mættir á fundinn voru: Bergljót Þrastardóttir, Anna Kristveig Arnardóttir, Viktoria Gestsdóttir.

Eftirfarandi efni voru tekin fyrir.

-Búið er að ganga frá því að íbúar hverfa geti skráð sig á póstlista þannig að bæta samskipti hverfisnefnda og íbúa hverfisins.

-Bergljót upplýsti að leyfi til að veita Mæðrastyrksnefnd það sem eftir var af fjárveitingu þegar til Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar á árinu 2008 var hafnað.

- Rætt var um hafa borgarafund /hverfiskaffi í mars vegna tíðra funda um ástandið í þjóðfélaginu. Rætt var um að vera frekar með almennan fund um skipulagsmál og bjóða meðlimum hinna hverfisnefndanna í bænum að koma ásamt öðrum bæjarbúum. Veitingar kaffi og pönsur. Bergljót tók að sér að athuga með ræðumenn og húsnæði. Næsti fundur þarf að fara í það að skipuleggja þann viðburð. Miðum við að þetta að verði að veruleika 10 mars . Viðburðurinn stæði frá 18 til 20 og í tengslum við hann yrðu 3 – 4 kynningar og umræður á eftir sem tæku um 30 mín. hver. Tillögur að dagskrá voru að fá erindi um:

- Skipulag og framkvæmdir hjólreiðastíga á Akureyri og tengingu þeirra við nágrennasveitarfélögin. Tillaga að ræðumanni Gunnar Svanbergs eða Guðmundur.
- Framtíðarsýn bæjarfulltrúa
- Kynna endurvinnslumál og möguleika sem endurvinnsla býður upp á.
- Kynning á starfsemi Rósenborg

- Hvað þurfa marga að skrifa á mótmælalista hjá Akureyrarbæ til að mark sé tekið á ? Kom fram að það þarf 1/3 bæjarbúa, nú er spurningin bara eru það kosningabærir íbúar eða allir íbúar??

Fleira ekki tekið fyrir.

Anna Kristveig Arnardóttir